

**Sþ.**

**765. Nefndarálit**

[280. mál]

um till. til þál. um aukningu orkufreks iðnaðar og stefnumótun í stóriðjumálum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Á öndverðu þessu þingi voru fluttar tvær tillögur til þingsályktunar um stóriðjumál, þingmenn Alþýðuflokksins fluttu tillögu um aukningu orkufreks iðnaðar (8. mál) og 19 þingmenn Sjálfstæðisflokksins fluttu tillögu um stefnumótun í stóriðjumálum (31. mál). Tillögur þessar voru ræddar á 6 fundum nefndarinnar og til viðræðu um efni þeirra komu ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytisins og verkfræðingur í ráðuneytinu. Umsagnir bárust frá iðnaðarráðuneyti, Náttúruverndarráði og Félagi ísl. iðnrekenda. Meiri hluti nefndarinnar varð sammála um að sameina þessar tvær tillögur í eina og var hún flutt sem sjálfstæð tillaga.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt tillögunnar, en minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 8. maí 1981.

Jóhanna Sigurðardóttir,  
form.

Birgir Ísl. Gunnarsson,  
fundaskr., frsm.

Halldór Blöndal.

Steinþór Gestsson.